

sagði líka rauðhærði maðurinn, sem ég mætti, hann var svo góður og alúðlegur og hjálpaði mér til að bera eldiviðinn".

"Rauðhærði maðurinn", sagði móðir hans undrandi, "þú hefir ekki minst á hann við mig, Móríts".

"Ég get ekki sagt allt í einu, mamma. Þegar vagninn var farinn, fór ég að gráta, en ætlaði samt að fara að tina eldiviðinn saman, sem dreifst hafði um götuna, þá kom þessi rauðhærði maður, mjög illa klæddur, og spurði mig af hverju ég væri að gráta. Þegar ég var búinn að segja honum það, gramdist honum mjög við þennan höfðingja, og sagði að þeir væru allir jafn-harðir og grimmir þessir auðugu hefðarmenn. Hann kvaðst sjálfur hafa orðið að þola margt illt frá þeirra hendi, og því hefði hann svarið þeim ævarandi hatri og ofsóknum".

"Mikli guð! Gg þetta sagði hann þér?"

"Já, mamma, og hann hvatti mig til að heita þeim óbreytanlegu hatri, — að sverja Hannibalseið gegn þessum bölvuðu, sem hann nefnir svo".

"Og þú — hvað gerðir þú?" spurði móðir hans, og var sem kuldahrollur færi um hana.

"Mamma", sagði Móríts, án þess að svara spurningunni, "sérðu ekki, að súpan sýður upp úr pottinum? Ég verð að taka pottinn af eldinum, en ég er hræddur um, að ég brenni mig".

"Drengur!" sagði móðir hans, og þreif í handlegg hans með ákafa, "svaraðu spurningu minni!"

"Hvaða spurningu, mamma?" svaraði Móríts, hissa yfir ákafa hennar.

"Hvað gerðir þú, þegar rauðhærði maðurinn hvatti þig til að heita þeim ríku óbítanlegu hatri?"

"Ég — ég held ég hafi svarið", sagði Móríts rólegur. Hann hafði enga hugmynd um, hvaða þýðingu slíkir eifur höfðu.

"Guð minn góður!" sagði móðir hans örvilnuð